

Fundargerð fundar framkvæmdastjórnar skólamálaráðs KÍ og faggreinafélaga, fimmtudag 18. maí 2017, kl. 16:30, Endurmenntun HÍ, Dunhaga, 107 Reykjavík

Aftast í fundargerðinni er yfirlit yfir þátttakendur í fundinum. Öll fundargögn fundarins eru á heimasíðu KÍ á slóðinni <http://ki.is/skolamal/starfid/radstefnur-og-fundir> Einnig eru slóðir á viðeigandi fundargögn í einstökum liðum fundargerðarinnar.

Dagskrá

1. Inngangur

- Fundarmenn kynna sig
- Upprifjun á umræðum á síðasta fundi KÍ og faggreinafélaga fyrir ári um augin tengsl
- Tilgangur þessa fundar, dagskrá og skipulag

2. Stuðningur KÍ við faggreinafélög og aðstaða í Kennarahúsi

- Hannes Þorsteinsson skrifstofustjóri KÍ: Reglur um styrki, þjónusta og aðstaða í Kennarahúsi
- Oddur S. Jakobsson hagfræðingur KÍ: Mat á útseldri vinnu
- Arndís Þorgeirsdóttir blaðamaður KÍ: Útgáfustarfsemi KÍ og miðlun með hliðsjón af þörfum faggreinafélaga og stutt kynning á fræðslumyndböndum KÍ um fundi og tjáningu/framkomu
- Ragnhildur S. Björnsdóttir vef- og skjalastjóri KÍ: Vefsíður faggreinafélaga hjá KÍ

3. Starfsþróun kennara

- Helstu niðurstöður fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, mars 2016
- Hlutverk og starf samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda
- Formenn faggreinafélaganna sem faglegt forystufólk. Hvernig er hægt að styrkja formenn í þessu hlutverki og við að rækta faglegu grasrótina í félögunum, umræður um starfsþróun og starf að starfsþróun
- Almennar umræður

4. Starfsemi faggreinafélaga

- Farið hringinn og félög greina örstutt frá:
- Hvaða mál eru efst á baugi? Hvaða mál brenna á?
- Almennar umræður

5. Önnur mál

- M.a. borin upp drög að tillögu að fundarályktun um þá ákvörðun menntamálaráðuneytis að fella niður styrki til sjálfstæðrar starfsemi faggreinafélaga

Aðalheiður Steingrimsdóttir formaður skólamálaráðs KÍ bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Inngangur

Fundarmenn kynntu sig. Farið var yfir tilgang fundarins, dagskrá og skipulag, og rifjaðir upp punktar úr umræðum á síðasta fundi skólamálaráðs KÍ og faggreinafélaga sem haldinn var 11. apríl 2016 um augin tengsl KÍ og faggreinafélaga til að búa til brú milli hans og þessa fundar:

- Að framkvæmdastjórn skólamálaráðs boði til fundar með félögunum a.m.k. einu sinni á önn.
- Fundir væru notaðir til að ræða stöðuna í starfsemi félaganna, sameiginleg mál og mál sem brenna á þeim öllum, mál sem væru ofarlega á baugi í skólamálastarfi KÍ og mál sem félögin væru beðin að ræða hjá sér.
- Bent var á sameiginleg viðfangsefni eins og skólaþróun, samþættingu, námskrár, samfellu milli skólastiga og fagfélaga, starfsþróun kennara.
- Búa til FB síðu til að auka tengsl milli félaganna, þar væri hægt að koma á framfæri upplýsingum um starfsþróun og fleira.
- KÍ búi til gjaldskrá fyrir fundarsetur og gjaldskrá vegna verkefna sem ráðuneytið kaupir af þeim sem félögin geti notað.
- KÍ auki upplýsingastreymi til félaganna.

Aðalheiður sagði gagnlegt að KÍ og faggreinafélögin héldu fundi einu sinni á ári. Varðandi umræðupunkturinn um gjaldskrá vegna verkefna þá verði það atriði tekið til umfjöllunar á þessum fundi, og varðandi gjaldskrá fyrir fundarsetur þá gætu félögin tekið mið af reglum KÍ um greiðslur fyrir fundarsetur en þær byggi á opinberum reglum. KÍ muni koma upplýsingum um þessar reglur til faggreinafélaganna.

2. Stuðningur KÍ við faggreinafélög og aðstaða í Kennarahúsi

a) *Hannes Þorsteinsson skrifstofustjóri KÍ: Reglur um styrki, þjónusta og aðstaða í Kennarahúsi.* Hannes fór yfir reglur um þjónustu og stuðning við fag- og kennslugreinafélög félagsmanna KÍ: skráningu og upplýsingar, pósthólf og pósthólf, funda- og vinnuáætlun, ljósritun og póstsendingar, geymsluáætlun, vistun félagsíðu undir heimasíðu KÍ, félagaskrá og reglur um styrki til fag- og kennslugreinafélaga félagsmanna KÍ, og benti á breytingar sem stjórn KÍ hefur nýlega gert á reglunum, dags. 24. mars 2017. Hannes sagði árlega heildarupphæð sem KÍ getur varið til að styrkja félögin samkvæmt umsóknum þeirra vera í samræmi við fjárhagsáætlun KÍ sem er samþykkt á þingi KÍ hverju sinni og er upphæðin á tímabilinu 2014-2018 kr. 3,5 milljónir á ári, og að hún hafi dugað undanfarnin ár. Hannes benti á að til að sækja um styrki þurfi félögin að hafa skráð sig hjá KÍ og skilað inn upplýsingum um starfsemi sína, svo sem lögum, kennitölu, bankaupplýsingum, félagatali og upplýsingum um stjórn og tengilið. Með umsóknum um styrki þurfi einnig að fylgja yfirlit um fjárhagsstöðu viðkomandi félags ásamt fjárhagsáætlun þess verkefnis sem sótt er um styrk til, upplýsingar um styrki til verkefnisins sem sótt er um til annarra aðila, félagatali þar sem fram kemur hlutfall virkra félagsmanna viðkomandi félags sem eru félagsmenn KÍ. Hannes benti á að heimilt væri að styrkja verkefni sem eru þvert á skólastigin, og að við mat á umsóknum sé horft til fjölda virkra félagsmanna í viðkomandi faggreinafélagi sem eru félagsmenn KÍ. Upphæð vegna erlends samstarfs væri kr. 150.000. Spurt var um hvað væri átt við með félagslegum verkefnum faggreinafélaganna. Hannes sagði að með því væri átt við verkefni sem tilheyrir starfssviði félags, fundir, og annað sem félögin væru að gera og verkefni sem snertu beint starfsemi viðkomandi félags en ekki verkefni einstaklinga.

- Reglur um þjónustu, stuðning og styrki við fag- og kennslugreinafélög félagsmanna í KÍ, 24. mars 2017 <http://ki.is/um-ki/annad/faggreinafelog>

b) *Oddur S. Jakobsson hagfræðingur KÍ: Mat á útseldri vinnu.*

Oddur fór yfir aðferðir sem faggreinafélög gætu notað ef þau fengju t.d. beiðni frá menntamálaráðuneytinu um að veita umsögn um einhver tiltekin atriði. Félögin gætu t.d. svarað svona beiðni með bréfi sem fæli í sér tilkynningu um væntanlegan kostnað, heildarupphæð við verkið eða tímakaup verktaka, og ósk um staðfestingu/samþykki á greiðslu fyrir verkið, og sýndi Oddur dæmi um uppsetningu á slíku bréfi. Það væri ekki góð latína að vinna fyrst verk og rukka eftir á fyrir verkið. Oddur fjallaði sérstaklega um af hverju KÍ setti ekki upp verðskrá fyrir svona vinnu, og sagði að verktakar væru einstaklingar eða fyrirtæki sem gera samninga um að framkvæma tiltekin verk fyrir annan aðila. Verktakar starfi sjálfstætt og á eigin ábyrgð. KÍ hafi ekki umboð til að gefa út samræmda gjaldskrá fyrir verktöku félagsmanna, slíkt væri hægt að skilgreina sem ólöglegt samráð. Oddur fór því næst yfir gróft mat á útseldri klst. í (yfir)vinnu og sýndi þumalputtareglu um hana, og rökun fyrir henni. Verktaki verði af ákveðnum fríðindum sem venjulegir launamenn hafa. Oddur sýndi einnig reiknivél á vef BHM sem er fyrir verktaka sem eru ekki í öðru starfi. Oddur sagði að faggreinafélögin eða aðilar innan þeirra gætu notað þumalputtaregluna til leggja mat á útselda vinnu vegna beiðna um að taka að sér tiltekin verk og benti á að af verktakagreiðslum þurfi að greiða skatta.

- Glærur: Mat á útseldri vinnu

http://ki.is/images/Skrar/KI/Skolamal/Mat_tselldri_vinnu_Fundur_K_og_faggreinaflaga_18_ma_2017.pdf

c) *Arndís Þorgeirsdóttir blaðamaður KÍ: Útgáfustarfsemi KÍ og miðlun með hliðsjón af þörfum faggreinafélaga og stutt kynning á fræðslumyndböndum KÍ um fundi og tjáningu/framkomu.* Arndís sagði þau vera þrjú sem starfi á útgáfusviði KÍ. Fastar útgáfur og árstíðabundin verk væru Eplið, Ferðablaðið, Handbók kennara og tímaritið Skólavardan sem væri nýkomin út. Vefur KÍ var kynntur og uppsetning hans og bent á viðburðadagatalið, og voru félögin hvött að nýta sér það og að

senda greinar og láta vita þegar verið væri að gera eitthvað sértakt en þá gæti hún tekið viðtöl. Skólavörðuvefurinn skolavardan.is var kynntur en hann er árs gamall og stækki smám saman. Þarna væri lifandi vettvangur fyri rumræðu um skólamál, og var fólk hvatt til að hugsa um það ef það væri með efni.

FB síður á vegum KÍ væru átta talsins og tveir twitter reikningar og því væri hægt að dreifa fréttum og viðtölum á rétta hópa. Útgáfusviðið veitti aðstoð við að ganga frá greinum og koma fréttum í miðla, t.d. Vísi, Kjarninn og Moggann. FB síðan „Aukum umræðu um kennarastarfið“ var kynnt en hún var stofnuð fyrir um ári, og var fólk hvatt til að sækja um inngöngu, og bent á að þar væri hægt að miðla upplýsingum um námskeið og fundi og taka þátt í almennu spjalli um kennarastarfið, jákvæðu og uppbyggilegu.

Vakin var athygli á sjónvarpsþáttunum „Skólinn okkar“ sem voru sýndir á Hringbraut og væru þeir aðgengilegir á youtube, og yrði þeim líka komið fyrir á KÍ síðunni <http://ki.is/skolinn-okkar> Einnig var bent á nýtt fræðsluefni í myndbandsformi um fundi og framsögn á heimasíðu KÍ sem fræðslunefnd KÍ lét gera til að bregðast við óskum félagsmanna um efni af þessu tagi <http://ki.is/hvernig-a-ad-halda-fund>

Spurt var um Handbók kennara og hvort hægt væri að hafa hana eins og „fílófax“. Arndís sagði þetta frábæra hugmynd en dýra, en þetta myndi vera skoðað. Margir hafi kvartað undan lélegum gormum á Handbókinni en þeir væru betri núna. Einnig var kallað eftir rafrænu formi sem hægt væri að prenta út. Arndís hvatti fólk að lokum til að senda póst og að hafa samband.

- Glærur: Útgáfusvið kynning

http://ki.is/images/Skrar/KI/Skolamal/tgfusvi_K_kynning_fundi_faggreinaflaga_18_ma_2017.pdf

Anna María Gunnarsdóttir bað fólk að vera vakandi fyrir að senda upplýsingar um þá sem sinntu formennsku í félögunum, upplýsingar megi senda á ragnhildur@ki.is og á heimasíðu KÍ væri yfirlit yfir félögin:

- Faggreinafélög <http://ki.is/um-ki/annad/faggreinafelog>

d) Ragnhildur S. Björnsdóttir vef- og skjalastjóri KÍ: Vefsíður faggreinafélaga hjá KÍ.

Ragnhildur kynnti heimasíður sem félögin geta haft hjá KÍ, og að félögin þurfi að senda henni póst og biðja um síðu, ekki væri hægt að búa til síðu án aðstoðar hennar. Ragnhildur setur upp grunninn fyrir síðuna en ekki inn efni. Hægt væri að fjölga síðum og sagði Ragnhildur velkomið að vera með örnámskeið um málin, og sýndi hvernig farið væri inn á á ytri síðurnar. Þetta væri einfalt kerfi og gert til að halda utan um efni, fréttir og viðburði, hægt væri að tengja síðu við FB eða Twitter. Spurt var hvort mörg félög nýttu sér þetta, hvort félögin héldu úti fleiri síðum, og hvort þetta væri eina síðan sem þau væru með. Ragnhildur sagði 23 félög nýta sér þetta, og að þetta væri eina síðan hjá þeim flestum. Ragnhildur benti á að hægt væri tengja myndasíður við heimasíðu og að síðurnar væru félögunum að kostnaðarlausu.

3. Starfsþróun kennara

Aðalheiður fór yfir helstu niðurstöður fagráðs um símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar sem voru afhentar menntamálaráðherra í mars 2016 og benti á vefinn starfsthrounkennara.is <http://starfsthrounkennara.is/> og hvatti fólk til að kynna sér niðurstöðurnar. Farið var yfir leiðarljósin í starfi fagráðsins, skilgreiningu á starfsþróun og grunnþættina sem niðurstöðurnar byggjast á. Í niðurstöðunum væri megináhersla lögð á kennaramenntun sem starfsæfilanga menntun og að byggja þyrfti upp aðgengilegt og skilvirkt stoðkerfi fyrir starfsþróun til að styðja við þá hugsun og skilgreiningu á starfsþróun sem fæli í sér eftirfarandi áherslur:

- Samfellt meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar.
- Beintengd daglegu starfi með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins.
- Skýr tilgangur og markmið, efla færni og þekkingu og auka gæði í starfi.

- Á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, augljós og samofinn hluti daglegs starfs, einkennist af samfélagi í þróun.
- Felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur, skólaheimsóknir.
- Stuðlar að aukinni starfsánægju, árangri í starfi, minnkar líkur á kulnun, brotthvarfi úr starfi. og að starfsþróun væri beintengd daglegu starfi og vinnutíma í þeim tilgangi að þróa sig í starfi og skólastarfið.

Aðalheiður sagði frá samstarfsráði um starfsþróun kennara og skólastjórnenda sem væri arftaki fagráðsins en meginverkefni þess væri að útfæra niðurstöður fagráðsins. Aðalheiður bað fundarmenn að efna til umræðna og kynninga í sínum félögum um skilgreiningu á starfsþróun og niðurstöður fagráðsins.

Því næst fóru fram almennar umræður um eftirfarandi spurningar:

- Hvernig er hægt að styðja formenn í faglegu hlutverki?
- Hvernig er hægt að styðja við faglegu grasrótina?
- Hvernig er hægt að styðja við umræður í félögunum um starfsþróun og starf að starfsþróun?

- Glærur: Tilgangur fundarins, dagskrá og skipulag, bls. 7-11

[http://ki.is/images/Skrar/KI/Skolamal/Fundur K og faggreinaflaga kennara 18 ma 2017.pdf](http://ki.is/images/Skrar/KI/Skolamal/Fundur_K_og_faggreinaflaga_kennara_18_ma_2017.pdf)

Helstu atriði sem komu fram í umræðunum:

- Enskukennarar: Í grunnskólum er enskukennsla hlutastarf og erfitt að ná til allra enskukennara. Skipulögð námskeið eru á hverju sumri en óvissa er um að auglýsingar og skilaboð um þau berist til kennara því að skólarnir eru margir. Gott væri að hafa aðgengilegar upplýsingar um skóla enskukennara á einum einum stað á netinu.
- Dönskukennarar: Lýstu svipaðri reynslu og enskukennarar. Það vanti vitund um að þó að þú takir að þér tímabundna dönskukennslu þá hafir þú samt sem áður þörf fyrir menntun og starfsþróun. Hvernig getum við fengið fólk til að líta svo á að það tilheyri hópi dönskukennara?
- Verkmennt: Það er ekki mikill áhugi fyrir námskeiðum og ekki hafa margir sótt um námskeið sem verða í ágúst. Greina ekki áhuga félagsmanna fyrir því að bæta við sig og verst að geta ekki hvatt fólk til að hafa áhuga. Félagið reynir að fá fólk til að þjálfa sig í því að vinna í stafrænu umhverfi, en verið er að setja upp stafræna ferilbók í gegnum snjallsíma sem fæstir hafa þekkingu á að nota.
- Smíðakennarar: Taka undir það sem Verkmennt hefur að segja.
- Leiklistarkennarar: Vita ekki hverjir eru að kenna leiklist og hvar, vitum ekki hvar fólkið kennir. Fólk hefur mikið að gera og erfitt að fá það á staðinn. Misjafnt er hverjir kenna fögin. Stungið var upp á að fá upplýsingar úr skólum á haustin um hverjir kenna fögin.
- Tungumálakennarar: Starfa á öllum skólastigum, og halda sumarnámskeið sem fagfélögin í STÍL eru beðin um að auglýsa. Fá erlenda fyrirlesara sem reyna að höfða til allra en ekki koma margir á námskeið að jafnaði. Verða vör við að námskeið höfða ekki til fólks og yngri kennarar þurfa að sinna börnunum og koma ekki á námskeið.
- Tónmenntakennarar: Erfitt að ná til fólks, það mætir ekki á námskeið vegna álags sem helgast af tvöföldu þekkingarkerfi. Kennarar þurfa að sækja sér þekkingu sjálfir og svo er skólunum skylt að sinna námskeiðum vegna skólaþróunar. Við sitjum undir sömu fyrirlestrunum um ADHD en fólk fær ekki stuðning við sína eigin þekkingaröflun nema að fara eitthvað annað til að sækja það sem er áhugavert. Þegar rætt er um list- og verkgreinar þá er aðallega horft í kostnað. Mikið er setið á fundum og mikill tími fer í þá. Það þarf að endurvekja og ná til fólks og efla virkni og skilvirkni. Í nýrri skýrslu um list- og verkgreinar í grunnskólum kemur fram að skólarnir eru ekki að standa sig í því að bjóða nemendum upp á kennslu í list- og verkgreinum samkvæmt aðalnámsskránni.
- Skólasafnskennarar: Erfitt að hafa starfsþróun því ekki eru til viðmið hjá KÍ vegna fjölda nemenda í skólum. Það er í höndum skólastjóra hvernig skólasöfnin eru mönnuð og víða er

það ekki skilgreint. Oft tölvukennsla á bókasafni en ekki með bókakost. Verið er að þjappa hópnum saman. KÍ þarf að búa til plagg um starfsemi skólasafnakennara. Skólastjóri ræður hve mikið á að kenna á safni. Ekkert viðmið er til um það. Erfitt að sameina og þróa starf við þessar aðstæður.

- Norsku- og sænskukennarar: Full mæting félagsmanna hvort sem það eru ráðstefnur eða námskeið. eru fámennnt félag og boðleiðir stuttar og þau hittast oft. Þurfa að sækja í fagið erlendis og hafa því fengið fólkið hingað en það gerist ekki fyrir 75 þúsund kr. styrki annað hvert ár.
- Fjóla Þorvaldsdóttir sagði leitt að heyra að kennarar nýti sér ekki endurmenntunina og að fólk átti sig ekki á því hvað skilgreindur endurmenntunartími er dýrmætur en hann sé ekki til staðar í leikskólanum.
- Verkmennt: Í endurmenntun starfsmanna Tækniskólans er boðið upp á stutt námskeið á skólavef sem þú getur rifjað að upp. Ætla að hafa 10 - 15 námskeið á önn, fjarnám eða staðnám, aðgangur verði að námskeiðsgögnum í fimm ár.

Aðalheiður óskaði eftir því að fólk færi með umræðuspurningarnar heim í sín félög og bað um að félögin tækju saman skrifleg svör við spurningum og kæmu til hennar eftir sumarleyfi. Fundurinn tók vel í það.

4. Starfsemi faggreinafélaga

Farið var hringinn og félögin greindu örstutt frá: Hvaða mál eru efst á baugi? Hvaða mál brenna á?

Helstu atriði sem komu fram í umræðunum:

- Dönskukennarar: Vandí eftir breytingar á námskrá í framhaldsskólum að fyrsta þrep er ekki lengur hluti af námi nemenda og að grunnskólinn hefur ekki fengið aukið fjármagn eða tíma til að skila nemendum með meiri þekkingu í dönsku. Þetta er gjá sem ríkið hefur stofnað til. Það þarf að byggja upp samstarf milli skólastiganna. Framhaldsskólakennarar vilja ekki gjaldfella námið og háskólinn ekki heldur.
- STÍI og tungumálakennarar: Það sem brennur helst á er skerðingin í tungumálakennslunni.
- Náms- og starfsráðgjafar: 3/4 félagsmanna eru KÍ og hinir í VR eða BHM. Fyrir tveimur árum var gefin út skýrsla um eflingu náms- og starfsráðgjafar sem reyndist vera skúffuskýrsla. Verið er að funda með menntamála- og félagsmálaráðuneytinu, þar er mikil jákvæðni en hvað verður kemur í ljós. Skýrslan felur í sér grunn að stefnu um náms- og starfsráðgjöf.
- Textílkennarar: Umræða um launamun og nýtt námsmat sem fólk er að drukkna í.
- Kennsluráðgjafar: Kjaramálin eru heit kartafla. eru sammingslaus. Starfsmat í gangi og eitthvað á að gerast fyrir 1. júní.
- Leikskólasérkennarar: eru að skoða sína stöðu, dræm þátttaka í félagsstarfinu, líða undir lok eða sameinast sérkennurum í grunnskólum.
- Smíðakennarar: eru ósátt við námsmat sem er á skjön við allt, einnig kjaramál, innkaup og umsjón með stofu er ekki inni í launum, óásættanlegur munur á þeim og umsjónarkennurum.
- Norsku- og sænskukennarar: Námsmat og bil milli grunnskóla og framhaldsskóla sem verið er að hugsa um og vinna í. Nemendafjöldi hefur tvöfaldast sl. ár. Nýtt námsmat og stöðupróf sem pasar ekki fyrir tungumálin.
- Sérkennarar: Fámenn stétt sem er að eldast, verið að vinna í lögverndun, skoða sameiningu við leikskólasérkennara, og að vinna í skóla án aðgreiningar.
- Myndmenntakennarar: eru hugsi yfir norrænu samstarfi sem er að liðast í sundur og yfir skýrslunni um list- og verkgreinar í grunnskólum.
- Leiklistarkennarar: Öttast að list- og verkgreinar detti út í grunnskólum miðað við skýrsluna, vilja efla leiklist. Ósátt við launamun á list- og verkgreinum og umsjónarkennurum og einnig við námsmatið í grunnskólum en sameiginleg einkunn er fyrir leiklist og dans og því er ekki fært að gefa einkunn í leiklist.
- Skólasafnskennarar: Efla störf á bókasafni, ekki til viðmið og því erfitt að byggja upp starfið.

- Talmeinafræðingar: Svipað og hjá náms- og starfsráðgjöfum. Margir vinna á öllum skólastigum. Hafa áhyggjur af þjónustu við grunnskólabörn og breytingum á verklagi gagnvart börnum og ungmönnum.
- Enskukennarar: Sama og hjá dönskukennurum. Margir nemendur sem koma með lítinn grunn í ensku úr grunnskóla og einn enskuáfangi er horfinn í námskrá framhaldsskólans. Það þarf að samræma betur námið í grunnskólum og framhaldsskólum.
- Tölvunar- og kerfisfræðikennarar: Félagið hóf starfsemi 2012, hafa haldið tvö námskeið, vilja auka tengsl við kennara í grunnskóla.
- Verkmennt: Áhyggjur af rafrænu umhverfi, vilja efla þann þátt.
- Bókiðngreinar: Eru fámennt félag. Eru að koma grunnþáttum inn í menntun. Fundað um nýjungar í iðngreinum og kennslu og nú er verið að biðja þau um að koma að rafrænum ferilbókum.
- Aðalheiður minnti á bréfið sem Oddur sýndi, ekki að gefa sína vinnu.
- Rafiðnaðarkennarar: Ör tækniþróun og fólk þarf að halda sér við, verkefnastýrt nám í innleiðingu hjá Tækniskólanum. Aftengir einingar og kennslustundir í áfanga, áður var þriggja eininga áfangi kenndur á sex tímum en nú er kennari við í 4 tíma en getur nýtt afganginn í stofu. Þetta er arfleifið samninga og ekki er ánægja með þetta.
- Tónmenntakennarar: Tónlist í Norðurlandasamstarfi. Launamálin brenna á og gott fagfólk hefur farið úr stéttinni. Það vantar yfirsýn og þekkingu á hvort að lagaviðmið skv. aðalnámskrá grunnskóla séu uppfyllt í list- og verkgreinum. Einnig er þeim umhugað um menntun í HÍ og FÍH. Það þurfi að taka á viðhorfum sem skauta framhjá greinum í skólunum en sköpun er grunnþáttur. Endurmenntun er dýr og styrkur dugar ekki. Námsmat vilja þau hafa eins og það var áður.
- Sálfræði og uppeldisfræðikennarar: Staða greinarinnar eftir styttingu og þau fái að heyra að greinin sé aukreitis, 50 manns eru á skrá í félaginu.
- Íþróttir- og heilsufræði: Breyttu félaginu í íþrótt og heilsufræðifélag. Í skólanum þarf að fá aukna virðingu. Vandinn liggur líka hjá okkur og við þurfum að standa vörð um okkar mál og vera stoltari af því sem er.
- Félagsfræðikennarar: Eru í góðum málum, vinna í félagsmálum og góð mæting á fundi og námskeið.

5. Önnur mál

Aðalheiður bar upp drög að tillögu að fundarályktun um þá ákvörðun menntamálaráðuneytis að fella niður styrki til sjálfstæðrar starfsemi faggreinafélaga. Ályktunin var lesin upp og samþykkt með lófaklappi. Ályktunin verður send til menntamálaráðherra og birt á heimasíðu KÍ.

- Ályktun fundarins um niðurfellingu styrkja til sjálfstæðrar starfsemi faggreinafélaganna http://ki.is/images/Skrar/KI/Skolamal/lyktun_18_ma_2017_um_niurfellingu_styrkja_til_sjlfstrar_starfsemi_faggreinaflaga_kennara.pdf

Hannes Ísberg Ólafsson formaður Félags félagsfræðikennara kvaddi sér hljóðs og óskaði eftir að fá að bera upp ályktun um yfirtöku Tækniskólans á Fjölbrautaskólanum við Ármúla, og fylgdi ályktuninni úr hlaði og las hana upp. Opnað var fyrir umræður um ályktunina og voru gerðar nokkrar orðalagsbreytingar á henni. Því næst var ályktunin borin upp og var hún samþykkt með þorra atkvæða. Ályktunin verður send til menntamálaráðherra og birt á heimasíðu KÍ.

- Ályktun fundarins um niðurlagningu Fjölbrautaskólans við Ármúla og yfirtöku Tækniskólans http://ki.is/images/Skrar/KI/Skolamal/lyktun_18_ma_2017_um_niurlagningu_F_og_yfirtku_TS.pdf

Aðalheiður þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og samræður og sleit fundi kl. 18:50.

Guðbjörg Ragnarsdóttir ritaði fundargerð.

Yfirlit yfir þátttakendur í fundinum

Nafn	Netfang	Félag
Aðalheiður Una Narfadóttir	una@greining.is	Faghópur leikskólasérkennara
Aðalheiður Steingrímsdóttir	adalheidur@ki.is	Formaður skólamálaráðs KÍ
Aldís E. Eðvaldsdóttir	aldis@hvaleyarskoli.is	Félag íslenskra sérkennara
Anna María Gunnarsdóttir	anna@ki.is	Formaður skólamálanefndar FF
Arnar Óskarsson	aos@tskoli.is	Verkmennt
Arndís Þorgeirdóttir	arndis@ki.is	Blaðamaður KÍ
Auður Lorenzo	aul@fb.is	Félag spænskukennara á Íslandi
Barbro Lundberg	Barbro.Elisabeth.Lundberg@rvskolar.is	Félag norsku- og sænskukennara
Brynja Stefánsdóttir	brs@fb.is	Félag dönskukennara
Edda Lára Kaaber	eddakaaber@gmail.com	Félag enskukennara
Fjóla Þorvaldsdóttir	fjolath@ki.is	Varaformaður FL Faghópur um skapandi leikskólastarf
Geir Sigurðsson	ges@tskoli.is	Félag tölvunar- og kerfisfræðikennara í framhaldsskólum
Guðbjörg Ragnarsdóttir	gudbjorg@ki.is	Varaformaður FG
Guðný María Höskuldsdóttir	gudny.maria.hoskuldsdottir@reykjavik.is	Félag þýskukennara
Guðrún V. Ásgeirsdóttir	gudrun.asgeirsd@kopavogur.is	Íþrótt- og heilsufræðifélag Íslands
Gunnar Már Antonsson	gma@tskoli.is	Félag kennara í rafiðngreinum
Hannes Ísberg Ólafsson	hannes@fa.is	Félag félagsfræðikennara
Hannes Þorsteinsson	hannes@ki.is	Skrifstofustjóri KÍ
Harpa Hafsteinsdóttir	harpah@mh.is	Samtök sálfræði- og uppeldisfræðikennara
Heiða Rúnarsdóttir	heida.runarsdottir@rvskolar.is	Félag fagfólks á skólasöfnum
Helga Tryggvadóttir	helga2202@gmail.com	Félag náms- og starfsráðgjafa
Helgi Heiðar Stefánsson	holyhills8@gmail.com	Evrópusamband píanókennara
Hulda Egilsdóttir	hulda@fss.is	Samtök móðurmálskennara
Jóna Guðrún Jónsdóttir	fliss@fliss.is	Félag um leiklist í skólustarfi
Kolfinna Njálisdóttir	kolfinna.njalsdottir@reykjanesbaer.is	Félag kennsluráðgjafa
Kristín Garðarsdóttir	kristing@vidistadaskoli.is	Félag textílkennara
Margrét Lára Eðvarðsdóttir	margretl@varmarskoli.is	Félag íslenskra smíðakennara
Margrét Helga Hjartardóttir	mhh@kvenno.is	Félag frönskukennara
Mariëlla Thayer	elin.maria.thayer@rvskolar.is	Félag íslenskra myndlistarkennara
Oddur S. Jakobsson	oddur@ki.is	Hagfræðingur KÍ

Ólafur Guðmundsson	oli@mh.is	Samtök list- og hönnunarkennara á framhaldsstigi
Petra Bragadóttir	petra@fa.is	Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum
Petrína Rós Karlsdóttir	petrinarose@gmail.com	Samtök tungumálakennara
Ragnhildur S. Björnsdóttir	ragnhildur@ki.is	Vef- og skjalastjóri KÍ
Soffía Margrét Magnúsdóttir	smm@fb.is	Félag fata- og textílkennara í framhaldsskólum
Svanhvít Stella Ólafsdóttir	sso@tskoli.is	Félag kennara í bókiðngreinum
Sólveig Friðriksdóttir	solveig@verslo.is	3F Félag um upplýsingatækni og menntun
Þórdís Sævarsdóttir	thordis.saevarsdottir@reykjavik.is	Tónmenntarkennarafélag Íslands
Þórunn Halldórsdóttir	talmein@talmein.is	Félag talmeinafræðinga á Íslandi
Þórunn Jónasdóttir	thorunnjona@kopavogur.is	Flötur- Samtök stærðfræðikennara

Yfirlit yfir félög sem voru boðuð á fundinn

3F Félag um upplýsingatækni og menntun
 Evrópusamband píanókennara
 Fagfélag hársnyrtikennara
 Faghópur leikskólasérkennara
 Faghópur um skapandi leikskólastarf
 Félag dönskukennara
 Félag enskukennara
 Félag fagfólks á skólasöfnum
 Félag fata- og textílkennara
 Félag félagsfræðikennara
 Félag framhaldsskólakennara í matvæla- og veitingagreinum
 Félag frönskukennara
 Félag heimspekikennara
 Félag hjúkrunarkennara
 Félag hússtjórnar- og heimilisfræðikennara
 Félag íslenskra myndlistarkennara
 Félag íslenskra sérkennara
 Félag íslenskra smíðakennara
 Félag íslenskra söngkennara
 Félag íslenskra vefnaðarkennara
 Félag ítölskukennara
 Félag kennara í bókiðngreinum
 Félag kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum
 Félag kennara í málmiðngreinum
 Félag kennara í nýsköpunar- og frumkvöðlamente
 Félag kennara í rafiðngreinum
 Félag kennsluráðgjafa
 Félag lífsleiknikennara
 Félag náms- og starfsráðgjafa
 Félag náttúrufræðikennara
 Félag norsku- og sænskukennara

Félag raungreinakennara
Félag spænskukennara
Félag starfsbrautakennara
Félag sögukennara
Félag talkennara og talmeinafræðinga
Félag textílkennara
Félag tölvunar- og kerfisfræðikennara
Félag um leiklist í skólastarfi
Félag þýskukennara
Flötur – Samtök stærðfræðikennara
Ísbrú – Félag kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál
Íþrótt- og heilsufræðifélag Íslands
Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum
Samtök list- og hönnunarkennara
Samtök líffræðikennara – Samlíf
Samtök móðurmálskennara
Samtök Orff tónmennta á Íslandi
Samtök sálfræði- og uppeldisfræðikennara
Samtök tungumálakennara
Tónmenntarkennarafélag Íslands
Verkmennt